

Bæjarstjórn - 31

FUNDARBOÐ

31. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 12. desember 2024 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2412001F - Bæjarráð - 28**
Lögð fram 28. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2411013F - Ungmennaráð - 6**
Lögð fram 6. fundargerð ungmennaráðs.
- 3. 2411010F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 5**
Lögð fram 5. fundargerð velferðar- og jafnréttismálanefndar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 4. 2412006 - Umsagnarbeiðni - Tækifærisleyfi vegna þorrablóts**
Lögð fram umsagnarbeiðni og rafræn umsókn Sigurbjarts Lofssonar um tækifærisleyfi vegna Þorrablóts, dansleiks, sem halda á í Íþróttahúsinu Borgarbraut 4, Stykkishólmi 1. febrúar 2025.
- 5. 2311010 - Bæjarstjórn unga fólksins**
Lögð fram fundargerð 1. fundar bæjarstjórnar unga fólksins sem fram fór 8. maí 2024.

Á 6. fundi ungmennaráðs lýsti ráðið fyrirhuguðum áætlunum um að halda bæjarstjórnarfund unga fólksins þann 7. maí 2025. Fundurinn yrði með sama hætti og áður og íbúum gefin kostur á að leggja fram hugmyndir að umfjöllunarefni fundar.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, afgreiðslu ungmennaráðs og vísaði málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.
- 6. 2311017 - Reglur sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu - Höfðaborg - Miðstöð öldrunarþjónustu**
Lagðar fram uppfærðar reglur sveitarfélagsins vegna þjónustu Höfðaborgar.

Bæjarráð samþykkti reglurnar á 28. fundi sínum og vísaði þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2011013 - Breiðafjarðarferjan Baldur

Málefni Breiðafjarðarferjunnar Baldurs voru tekin til umræðu á 7. fundi hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn lagði þunga áherslu á mikilvægi ferjusiglinga um Breiðafjörð og í því sambandi mikilvægi þess að framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð, sem felst í því að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og nýst gæti sem varaskip fyrir Herjólf, endurspeglit í fjármálaáætlunum og fimm ára samgönguáætlun. Án samþykktra áforma og heimilda í áætlunum ríkisins, þ.m.t. viðeigandi fjárheimilda, er Vegagerðinni ekki tryggður sá rammi og sú stefnumörkun sem er nauðsynleg er til þess að stofnunin geti hafið undirbúning að hönnun og smíði nýrrar ferju ásamt nauðsynlegum breytingar á hafnarmannvirkjum.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, afgreiðslu hafnarstjórnar.

8. 2408007 - Ágangur búfjár - Hrísakot og Hrísafell

Lögð fram beiðni um smölun ásamt svari sveitarfélagsins og viðbrögðum við því. Þá er einnig lögð fram kæra vegna aðgerðarleysis sveitarfélagsins Stykkishólms varðandi smölun ágangsfjár.

Bæjarráð staðfesti málsmeðferð og viðbrögð sveitarfélagsins á 24. fundi sínum, og frestaði afgreiðslu málsins þar sem umbeðnar upplýsingar lágu ekki fyrir.

Lögð fram tillaga að svari sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, tillögu að svari og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2408009 - Ágangur búfjár - Kljá

Lögð fram beiðni um smölun ásamt svari sveitarfélagsins og viðbrögðum við því.

Bæjarráð staðfesti málsmeðferð og viðbrögð sveitarfélagsins á 24. fundi sínum, og frestaði afgreiðslu málsins þar sem umbeðnar upplýsingar láu ekki fyrir.

Lögð fram tillaga að svari sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, tillögu að svari og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2408008 - Ágangur búfjár - Þingskálanes

Lögð fram tölvupóstsamskipti þar sem kallað er eftir afstöðu sveitarfélagsins vegna ágangs búfjár.

Bæjarráð staðfesti málsmeðferð og viðbrögð sveitarfélagsins á 24. fundi sínum, og frestar afgreiðslu málsins þar sem umbeðnar upplýsingar láu ekki fyrir.

Lögð fram tillaga að svari sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, tillögu að svari og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2412004 - Samþykki fyrir sölu á Nýrækt 17, Nýrækt 19 og Nýrækt 21

Lagt fram erindi frá Erlu Friðriksdóttur, fyrir hönd Friðriks Jónssonar, um samþykki á ráðstöfun skv. 6. gr. lóðarleigusamnings ásamt tengdum gögnum.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, ráðstöfun á réttindunum, sbr. 6. gr. lóðarleigusamnings, dags. 21. október 2015, og vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2408030 - Starf skipulags- og umhverfisfulltrúa

Lögð fram gögn í tengslum við auglýsingu um starf skipulags- og umhverfisfulltrúa. Bæjarstjóri gerir bæjarráði grein fyrir stöðu málsins.

Á 28. fundi sínum vísaði bæjarráð málinu til bæjarstjórnar.

13. 2311015 - Reglur um úthlutun lóða í Stykkishólmi

Lagðar fram uppfærðar reglur um úthlutun lóða í Stykkishólmi.

Á 28. fundi sínum vísaði bæjarráð uppfærðum reglum til samþykktar í bæjarstjórn.

14. 2411001 - Imbuvík 2 - Lóðarleigusamningur

Lagður fram lóðarleigusamningur fyrir Imbuvík 2 og 2a.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, lóðaleigusamning við Skipavík vegna Imbuvík 3 og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

15. 2411005 - Bauluvík 4 - Lóðarleigusamningur

Lagður fram lóðarleigusamningur fyrir Bauluvík 4.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, lóðaleigusamning við Búðinga ehf. vegna Bauluvík 4 og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

16. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykkt sveitarfélagsins

Fyrir liggur að kjósa þarf nýjan fulltrúa Íbúalistans í bæjarstjórn sbr. 23. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins.

17. 2412002 - Viðauki 5 Fjárhagsáætlun 2024-2027

Lagður fram viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2024-2027.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, viðauka 5 við fjárhagsáætlun 2024-2027 og vísaði honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2409029 - Gjaldskrár 2025

Lagðar fram gjaldskrár sveitarfélagsins fyrir árið 2025, sem taka mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2025-2028 sem samþykktar voru á 28. fundi bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn samþykkti gjaldskrár fyrir Sveitarfélagið Stykkishólm fyrir 2025 á 29. fundi

sínum, og vísaði þeim til frekari umfjöllunar í bæjarráði, umsagnar í fastanefndum og til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, gjaldskrár með áorðnum breytingum fyrir 2025 og vísaði þeim til síðari umræðu í bæjarstjórn.

19. 2410006 - Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2025-2028

Fjárhagsáætlun 2025-2028 lögð fram til síðar umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkti, á 29. fundi sínum, fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2025-2028 og vísaði henni til frekari umfjöllunar í bæjarráði, umsagnar í fastanefndum og til síðari umræðu í bæjarstjórn, ásamt fyrirbyggjandi tillögum í aðgerðaráætlun um aukið aðhald í rekstri sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti, á 28. fundi sínum, að vísa fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2026-2028 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

20. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

21. 2410024 - Trúnaðarmál

Trúnaðarmál.

10.12.2024

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.